



GRUNNMYND EFTIR BREYTINGU  
Mkv. 1:100



GRUNNMYND FYRIR BREYTINGU  
Mkv. 1:100

**SKÝRINGAR:**

Hæðarkótar miða við að gólfkóti hússins sé K: 0.00. Raunkóti er ekki þekktur

- ST SLÖKKVITÆKI
- RS REYKSKYNJARI
- BV STJÓRNSTÖÐ KERFIS
- BO BJÖRGUNAROP
- ET ELDVARNARTEPPI
- RÝMINGARLEIÐ

ÚT SJÁLFLÝSANDI LEIÐAMERKING

ÚT LÝSANDI LEIÐAMERKING

NF GÓLFNIÐURFALL

**BYGGINGARLÝSING / GREINARGERÐ:**

Hér er um að ræða breytingu á íbúðarhúsi, **Mosar 1** (matshluta 04 á lóð Reykholtsskóla) í Bláskógabyggð.

Húsið var byggt á sínum tíma sem bústaður skólafjöra. Húsinu er nú fundið nýtt hlutverk og mun hýsa starfsemi frístundastarfs í tengslum við Reykholtsskóla.

Upplýsingar úr fasteignaskrá:

- Landeignarnúmer L167198
- Fasteignarnúmer F2241034
- Staðgreinir 8721-1-18500010
- Grunnflötur 163.6 m²
- Þar af bílskúr 32.2 m²
- Matshluti 04 (og 05)
- Byggingarár 1968

Samkvæmt aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er lóð hússins innan íbúðasvæðis (auðkennt ÍB2). Í gildi er deiliskipulag fyrir þéttbýlið í Reykholti sem staðfest var 06.12.2018. Á deiliskipulagsuppdætti er lóðin afmörkuð sem 1981.1 m² íbúðarlóð við Mosa 1 og skilgreind fyrir einbýlishús á einni hæð auk kjallara.

Fyrir liggja uppdættir hússins, gerðir af Húsnæðismálastofnun Ríkisins í september 1963 (Hilmar Ólafsson og Halldór Halldórsson).

Grunnmynd hússins fyrir breytingu hér er fengin af þessum uppdráttum. Engar breytingar eru gerðar á bílskúr utan þess að inntök vatnsveitna eru endurnýjuð og hlutverk hans eftir breytingar verður geymsla.

Engar breytingar eru gerðar á stærð hússins eða á burðarvirki. Einu breytingarnar sem snúa að útliti er sú að björgunaropum er komið fyrir í gluggum. Innan húss verða öll rými (utan votryma) opin og aðgengi og umferð innan húss auðveld.

Um er að ræða hús byggt úr járnþentri steinsteypu. Hluti þakvirkis er uppstólað sperruþak á steypa þakplötu. Yfir eldhúsi og alrymi er loft upptekið, þakvirkið tímursperrur með ásetu á útveggjum, berandi innveggjum og þakbita úr stáli. Útveggir eru einangraðir með vikurplötum að innanverðu. Að utanverðu hefur húsið verið einangrað og klætt. Þakklæðning hefur verið endurnýjuð.

Klæðningar innanhúss verða almennt ekki lakari en í flokki 1. Innveggir eru hlaðnir og múrhúðaðir. Útveggir steinsteyptir og múrhúðaðir. Loft yfir norðurhluta hússins er steinsteypt. Loftaklæðning í suðurhluta er í flokki 2.

Gólf votryma verða lögð vatnsheldum hálkúfríum efnum og halla að öryggisniðurföllum. Öll rými eru loftræst náttúrulega um opnanleg fög.

Inntök fyrir neysluvatn og hitaveitu eru endurnýjuð ásamt öllum neysluvatns- og fráveitulögnum. Gætt verður að því að hiti vatns við töppunarstaði verði lægri en 65 C°. Upphitun er með gólfhitakerfi tengdu hitaveitu. Rafmagnstafla og raflagnir eru endurnýjaðar.

**Algild Hönnun:** Leitast er við að uppfylla kröfur um algilda hönnun þannig að starfsemin geti þjónað öllum íbúum sveitarfélagsins (sjá grein 6.1.5. í byggingareglugerð um breytingu á þegar byggðu mannvirki). Ekki er að fullu hægt að verða við kröfum um rýmisþörf við algilda hönnun snyrtinga (sjá málsgrein 3 í grein 6.1.5). Aðkoma að húsinu og almennt innanhúss uppfyllir kröfur um algilda hönnun.

**Brunahönnun:** Brunavarnir mannvirkisins verða í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar 112/2012. Mannvirkið fellur í notkunarflokk 5. Húsið er eitt brunahólf, um 132 m² að stærð, ein deild.

Í húsinu verður sjálfvirk brunaviðvörðunarkerfi tengt vakstöð, hannað og uppsett í samræmi við leiðbeiningar HMS og ÍST EN 54. Reykskynjarar eru í öllum rýmum utan baðherbergis og snyrtingar. Stjórnstöð kerfis verður í anddyri. Gera skal þjónustusamning við viðurkenndan aðila um eftirlit og viðhald kerfis.

Handslokkvitæki skulu vera samkvæmt grein 9.4.4 í byggingareglugerð, leiðbeiningum 165.BR1 og ÍST EN 3. Slökkvitæki eru staðsett við alla útganga.

Þrjár hurðar eru á húsinu út undir bert loft. Í öllum leikrymum eru björgunarop í gluggum. Við björgunarop verða sjálflýsandi leiðamerki. Á björgunaropum skal vera vera búnaður sem hindrar að yngri börn geti opnað þau meira en 89 mm. Í megin flóttaleiðum og við úthurðir verða lýsandi leiðamerki tengd varaafgjafa.

Slökkvilið er staðsett í Reykholti (og á Flúðum) og viðbragðstími er stuttur. Aðkoma viðbragðsaðila er merkt inn á afstöðumynd.



AFSTÖÐUMYND  
(map.is)

HÖNNUÐUR AÐALUPPDRÁTTA  
BRUNAHÖNNUÐUR

*Sigurður U. Sigurðsson*

**MOSAR 1 - BREYTING  
MATSHLUTI 04 Á LÓÐ REYKHOLTSSKÓLA  
BLÁSKÓGABYGGÐ**

SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 VERKFRÆÐINGUR

AÐALUPPDRÁTTUR

HANNAD/TEIKNAD: SUS DAGS: 20.01.2024 Mkv: 1:100 4 A1 TEIKN. NR: **A01**